

**Ed.**

**968. Frumvarp til laga**

**[405. mál]**

um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. mars.)

Samhljóða þskj. 749 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Verði starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins, löggæslumenn, hafnsögumenn, tollgæslumenn, trúnaðarmenn stéttarféлага sjómanna, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar varir við að lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim séu brotin eða telji þeir sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært skulu þeir tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar viðvart og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir skv. 6. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart. Skal hann þegar hafa samband við viðkomandi umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar.

15. gr. hljóðar svo:

Hafi skoðun leitt í ljós að kröfum um búnað og öryggi skipa er ekki fullnægt skal bætt úr því sem áfátt er.

Telji starfsmenn Siglingamálastofnunar eigi öruggt að skip sé í förum skal svipta skipið haffærissskírteini og tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni að skipið hafi eigi rétt til að vera í förum fyrr en úr ágöllum er bætt og tilgreindar ástæður sviptingarinnar.

Ef ágallar eru þannig að haffæri skips er óskert og eigi er unnt að bæta úr þeim þegar í stað getur umdæmisstjóri veitt skipstjóra hæfilegan frest til úrbóta. Skrá skal í eftirlitsbók skips hverju áfátt er, ástæður frestveitingar og lengd frests.

Þegar frestur skv. 3. mgr. er liðinn skal Siglingamálastofnun ganga úr skugga um að bætt hafi verið úr ágöllum. Hafi það eigi verið gert ákveður hún hvort frestur skuli framlengdur eða skipstjóri eða útgerðarmaður skuli sóttir til saka.

17. gr. hljóðar svo:  
Skip skal að jafnaði fullægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

**A. Bolur, reiði og vélar.**

1. Bolur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skulu vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal vera nægilega stöðugt svo að því verði örugglega siglt.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.–4. tölul., að jafnaði talið fullnægt ef skip fullnægir þeim kröfum sem flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma að slíkt skip nái 1. flokki þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða sem því eru ætlaðar.

**B. Siglingatæki.**

Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum sem nauðsynleg eru til þess að því verði örugglega siglt.

**C. Eldvarnir.**

Skip skulu búin tækjum til slökkvistarfa og viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til varnar eldi.

**D. Björgunar- og öryggisbúnaður.**

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum sem komið skal fyrir á hentugum stöðum.
2. Varnir gegn slysum, er leitt geta af venjulegri notkun skips eða búnaðar, skulu vera í því horfi að menn, sem dvelja á skipsfjöllum eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.
3. Farþegaskip skal auk þess vera þannig búið að því er snertir öryggi mannlífa að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra sem það er notað til.

**E. Vistarverur og vinnurými.**

1. Vistarverur farþega og skipverja, vinnurými skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð, um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hávaðamörk, hreinlætistöki og viðhald, svo og önnur atriði sem stuðlað geta að vinnuvernd.
2. Í reglugerð, sem sett er af ráðherra að fengnu áliti landlæknis, skal kveða á um búnað skips af lyfjum og hjúkrunargögnum.

**F. Fjarskiptatæki.**

Öll skip skulu búin fullnægjandi fjarskiptabúnaði.

Búnaður þessi er háður eftirliti Póst- og símamálastofnunar. Að lokinni skoðun búnaðarins tilkynnir Póst- og símamálastofnun Siglingamálastofnun ríkisins árangur skoðunar á honum og annað varðandi hann sem ástæða þykir til.

**G. Eftirlitsbók.**

Auk skjala þeirra og bóka, sem fyrirskipuð eru í öðrum lögum og reglugerðum, skulu skip hafa eftirlitsbók sem í eru skráð vottorð þeirra, sem skoðun hafa annast, um

framkvæmd skoðunar ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið sem krafist kann að verða.

Gerð og færslu eftirlitsbókar skal hagað á þann hátt sem siglingamálastjóri kveður á um.

#### **H. Lög og reglur.**

1. Eintak þessara laga ásamt reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu vera í skipi, svo og eintök annarra laga og reglna eftir því sem boðið kann að vera.
2. Á farþegaskipi skal vera auglýst á áberandi stað til hvers konar flutninga skip sé ætlað og hámark farþegafjölda.

29. gr. hljóðar svo:

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Dómsmálaráðherra skipar tólf meðdómendur og sex varaméddómendur alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn, án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn eða loftskyeitamenn síðast liðin fimm ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunar geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra sem tilnefndir hafa verið og annar sjómannanna (sbr. 3. tölul.).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda og gildir sú kvaðning þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum eftir því hveurrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.